



Aðalfundur Sunddeildar Umf. Selfoss haldinn í Tíbrá 9. mars 2009

Mættir á fundinn voru:

Guðmundur Jóhannesson

Guðbjörg Edda Árnadóttir

Steinunn Aradóttir

Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir

Guðbjörg Stefánsdóttir

Hrafnhildur Guðmundsdóttir

Bryndís Ólafsdóttir

Árný Oddbjörg Oddsdóttir

Sigríður Pálsdóttir

Guðmundur, formaður Sunddeildarinnar, setti fund og óskaði eftir fundarstjóra og fundarritara.

Fundarmenn stungu upp á Guðmundi sem fundarstjóra og Sigríði sem fundarritara og var það samþykkt.

Í framhaldi af því var gengið til hefðbundinna aðalfundastarfa.

1. Skýrsla stjórnar.

Guðmundur Jóhannesson fór yfir skýrslu stjórnar. [Sjá skýrslu stjórnar.](#)

2. Skýrsla þjálfara.

Bryndís Ólafsdóttir fór yfir skýrslu þjálfara. [Sjá skýrslu þjálfara.](#)

3. Ársreikningar.

Guðmundur Jóhannesson kynnti þá. Rekstrarhagnaður deildarinnar var kr. 1.454 þús. á s.l. ári.

Eiginfjárstaða deildarinnar er góð. Eignir eru 3.583 þús. kr. og eigið fé 3.261 þús. kr.

4. Umræður um liði 1-3.

Guðbjörg Stefánsdóttir ræddi um kostnað s.s. þjónustugjöld, pokakostnað o.fl. Athuga þarf hjá bönkunum hvort þeir eru tilbúnir til að styrkja deildina með niðurfellingu þjónustugjalda. Athuga hjá Íslenska gámafélaginu hvort þeir eru til í að styrkja pokakaup fyrir flöskusöfnun. Sigríður ætlar að athuga það. Skoða þarf allan kostnað við flöskusöfnun. Guðbjörg Edda gjaldkeri athugar með niðurfellingu þjónustugjalda hjá bönkunum.

Reikningar voru bornir upp til atkvæða og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun.

Guðmundur Jóhannesson kynnti fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Gert er ráð tapi upp á 57 þús. kr. en staða deildarinnar er góð eftir hagnað undanfarin ár.

6. Kosning stjórnar.

Allir stjórnarmenn eru tilbúnir að sitja áfram og voru þeir því endurkjörnir. Lagt var til að Ragnheiður Arnardóttir og og Sigurveig Sigurðardóttir yrðu kjörnar í varastjórn og var það samþykkt.

Stjórn næsta starfsárs er því þannig skipuð:

Guðmundur Jóhannesson, formaður

Sigrún Sunna Skúladóttir, varaformaður

Guðbjörg Edda Árnadóttir, gjaldkeri

Steinunn Aradóttir, meðstjórnandi

Ingibjörg Elfa Laugdal Stefánsdóttir, meðstjórnandi

Varamenn:

Ragnheiður Arnardóttir

Sigurveig Sigurðardóttir

7. Önnur mál.

Rætt var um ýmis mál sem tengjast mótum og þátttöku í þeim, t.d. um framkomu og starfsmenn. Einnig um mótahald í Sundlaug Selfoss, tala þarf við starfsmenn um kælingu laugar o.fl. Bryndís ætlar að sjá um það.

Árný Oddbjörg kom með ýmsar athugasemdir t.d. um framkomu sundlaugarstarfsmanna og reglur í sundlauginni. Einnig um samskipti eldri og yngri iðkenda og gerði það að tillögu sinni að eldri iðkendur væru fengnir í meira mæli til að styðja yngri iðkendur og aðstoða þá bæði á æfingum og á mótum. Einnig að leiðbeina þeim í sambandi við reglur og hefðir. Hún talaði líka um að hún vildi fleiri mót hér á Selfossi en hlaut ekki góðar undirtektir þar sem fullorðnu einstaklingunum á fundinum fannst nóg að hafa eitt mót í mánuði.

Rætt var um Þýskalandsferð elstu iðkenda og ákveðið að kaupa farmiða og festa niður tíma sem fyrst.

Einnig var rætt um ferð á mót í Vestmannaeyjum en næst elstu iðkendurnir munu fara þangað.

Að lokum var stuttlega rætt um möguleika á að stofna Sundakademíu hér á Selfossi. Ákveðið var að athuga það mál nánar.

Fundi var slitið kl. 21:15

Sigríður Pálsdóttir,

fundarritari